

Fréttatilkynning frá Bókasambandi Íslands 20. desember 2021

83,4% bókatitla prentaðir erlendis

Prentstaður íslenskra bóka 2021

Bókasamband Íslands hefur kannað prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2021. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 112 og fækkar um 21 frá fyrra ári, er 16,6% í ár en árið 2020 var hlutfallið 20,4% á prentun bókatitla innanlands. Fjöldi titla sem prentaður er erlendis er 563 eða 83,4% en var 519 eða 79,6% í fyrra.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 675 í Bókatiðindunum í ár en var 652 árið 2020.

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum.

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 140; 41 29% prentuð á Íslandi og 99 71% prentuð erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 244; 47 19% prentuð á Íslandi og 197 81% prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 67; 6 9% prentuð á Íslandi og 61 91% prentuð erlendis.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 224; 18 8% prentuð á Íslandi og 206 92% prentuð erlendis.


Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverri heimsálfu og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2020:

	Fjöldi titla	%
Ísland	112	16,6
Evrópa	498	73,8
Asía	63	9,2
<u>Annað</u>	<u>2</u>	<u>0,3</u>
Samtals	675	100%

Árið 2020	Fjöldi titla	%
Ísland	133	20,4
Evrópa	441	67,6
Asía	78	12,0
Samtals	652	100%

Frekari upplýsingar veitir Georg Páll Skúlason, Grafú – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum. Netfang: georg@rafis.is og sími 5400100.

Fjöldi prentaðra íslenskra bóka 2005 - 2021



Hlutfall prentunar íslenskra bóka 2005 - 2021

